


Lífeyrissparnaður - Fjárvörslureikningur Landsbankans

Fjárvörslureikningur Landsbankans er fyrir þá sem vilja ráðstafa lífeyrissparnaði sínum í erlend verðbréf. Sveiflur í ávöxtun geta verið mjög miklar. Því hentar sjóðurinn þeim sem eiga langan tíma eftir af lífeyrissöfnunartíma sínum og þeim sem eru meðvitaðir um að sveiflur geta verið töluverðar.

Með Fjárvörslureikningi er fjárfest í erlendum hlutabréfum og skuldabréfum. Fyrst og fremst er fjárfest í verðbréfasjóðum. Markmið Fjárvörslureikningsins er að skapa vettvang til að nýta helstu styrkleika fremstu sjóðstjórnunarfyrtækja heimsins til þess að ná hámarksávöxtun með mikilli áhættudreifingu. Fjárfest er m.a. í verðbréfasjóðum frá AllianceBernstein, Sparinvest og Dexia.

Fjárfestingarstefna 2011



Áhætta: Lítil 1 2 3 4 5 Mikil

Af hverju viðbótarlífeyrissparnaður?

- » Ráðstöfunartekjur þínar við starfslok aukast umfram greiðslur úr lögbundnum lífeyrissparnaði.
- » Þú færð allt að 2% mótframlag frá launagreiðanda.
- » Viðbótarlífeyrissparnaður erfist að fullu.
- » Ávöxtun viðbótarlífeyrissparnaðar er undanþegin fjármagnstekjuskatti.
- » Viðbótarlífeyrissparnaður er ekki aðfararhæfur.

Lífeyrisyfirlit í Einkabankanum

Við viljum benda á að hægt er að skoða lífeyrisyfirlit í Einkabankanum undir „yfirlit“ og velja þar „lífeyrissparnaður“. Þannig er hægt að fylgjast með stöðu og þróun lífeyrissparnaðar yfir ákveðið tímabil. Landsbankinn er rekstraraðili Fjárvörslureiknings.

Nánari upplýsingar veita fjármálaráðgjafar Landsbankans að Austurstræti 11, 101 Reykjavík, í síma 410 4040 eða sendu póst á fjarmalaradgjof@landsbankinn.is.

Nafnávöxtun

Ávöxtun frá áramótum*	
2010	0,32%
2009	34,8%
2008	16,3%
2007	-7,0%
2006	33,3%

*Tímabilið janúar-desember 2011.

Fyrri ávöxtun þarf ekki að segja til um ávöxtun í framtíðinni.

Almennar upplýsingar

- Fullgildur séreignarsjóður
- Viðbótariðgjald er séreign og erfist skv. erfðalögum
- Sjóðurinn var stofnaður árið 1999
- Stærð sjóðsins í janúar 2011 var 2,023 m.kr.
- Fjöldi sjóðsfélaga í janúar 2011 var 1.950
- Kennitala sjóðsins er 570299-9219
- Reikningsnúmer sjóðsins er 111-26-502960
- Lífeyrissjóðanúmer 932

